

Nr. 035 / 13 Sæborg SU 400**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2069
Smíðaður: Hafnarfjörður 1990, plast
Stærð: 5,47 brl. 9,15 bt.
Mesta lengd: 9,97 m Skráð lengd: 9,68 m
Breidd: 3,15 m Dýpt: 1,12 m
Vél: Volvo Penta, 185,5 kW, 1998
Fjöldi skipverja: 1



Sæborg © Hafþór Hreiðarsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 18. október 2013 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 2. maí 2013 var Sæborg ÞH 55 á strandveiðum á SA miðum. Veður: Hægviðri.

Verið var að fara í fyrsta róður strandveiðitímabilsins. Siglt var á rólegri ferð út fjörðinn á meðan vélin var að ná eðlilegum vatnshita en fljótlega eftir að gefin var full ferð missti vélin aflog stöðvaðist. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og kom Krossanes SU 108 sem var einnig á útleið skammt undan og dró Sæborgu til Stöðvarfjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að sögn eigandi var sett ný vél í bátinn og sú bilaða var ekki opnuð svo ekki er vitað hvað olli biluninni;
- að um vorið hafði verið skipt um skrúfu og sett þyngri skrúfa þar sem sú sem var undir þótti of létt eða afkastalítill.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.